

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2025/1377

2025/EES/75/09

frá 15. júlí 2025

um breytingu og leiðréttingu á reglugerð (ESB) nr. 142/2011 að því er varðar tilteknar kröfur um setningu á markað og innflutning á aukaafurðum úr dýrum og afleiddum afurðum sem eru ekki ætlaðar til manneldis (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 frá 21. október 2009 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1774/2002 (reglugerð um aukaafurðir úr dýrum) ⁽¹⁾, einkum 15. gr. (c-liður 1. mgr.), 18. gr. (a-liður 3. mgr.), 20. gr. (a-liður 11. mgr.), 21. gr. (c- og d-liður 6. mgr.), 27. gr. (g-liður), 41. gr. (fyrsta og þriðja undirgrein 3. mgr.) og 42. gr. (2. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 ⁽²⁾ er mælt fyrir um framkvæmdarráðstafanir vegna reglna um heilbrigði dýra og manna að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 1069/2009, þ.m.t. reglur um setningu á markað og innflutning á slíkum afurðum frá þriðju löndum.
- 2) Í ljósi nýlegra uppkoma alvarlegrar fuglainflúensu (HPAI) og tilvika sýkingar af völdum veiru alvarlegrar fugla-inflúensu sem komið hafa í ljós í tilteknum flokkum spendýra á yfirráðasvæði Sambandsins er nauðsynlegt að mæla fyrir um viðbótarráðstafanir til að draga úr áhættu til að koma í veg fyrir aðflutning og útbreiðslu á veiru alvarlegrar fuglainflúensu frá efnum úr alifuglum til annarra tegunda. Þess vegna ætti að breyta sérreglum um föðrun fyrir efni í 2. flokki sem mælt er fyrir um í 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 142/2011.
- 3) Efni í 2. flokki úr fuglum sem voru ekki aflífaðir eða drápu ekki vegna sjúkdóms sem getur smitast í menn eða dýr eða vegna gruns um slíkt má nota til að föðra loðdýr í samræmi við b-lið 1. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 142/2011. Af yfirliti yfir fuglainflúensu sem Matvælaöryggisstofnun Evrópu ⁽³⁾ (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) birti má ráða að stökkbreytingar á veiru alvarlegrar fuglainflúensu, sem hugsanlega hafa áhrif á lýðheilsu, séu líklegar til að eiga sér stað við smitun til spendýra. Til að koma í veg fyrir áhættu á aðflutningi og útbreiðslu á veiru alvarlegrar fuglainflúensu til spendýrategunda og mögulegri uppkomu stökkbreytinga með hugsanleg aukin áhrif á heilbrigði dýra og lýðheilsu í Sambandinu er því nauðsynlegt að mæla fyrir um viðbótarskilyrði ef slíkt efni í 2. flokki er gefið dýrum án undangenginnar vinnslu. Áður en gefið er leyfi til föðrunar með efni í 2. flokki úr fuglum, í samræmi við b-lið 1. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 142/2011, ætti lögbært yfirvald einkum að inna af hendi áhættumat þar sem komist er að þeirri niðurstöðu að áhætta á aðflutningi og útbreiðslu veiru alvarlegrar fuglainflúensu á svæðisvísu, landsvísu og á vettvangi Sambandsins sé óveruleg. Því ætti að breyta 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 142/2011 til samræmis við það.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L, 2025/1377, 16.7.2025. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 227/2025 frá 24. október 2025 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (biður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2009/1069/oj>.

(2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 frá 25. febrúar 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 um heilbrigðisreglur, að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis, og um framkvæmd tilskipunar ráðsins 97/78/EB að því er varðar tiltekin sýni og hluti sem eru undanþegin heilbrigðiseftirliti með dýrum og dýraafurðum á landamærum samkvæmt þeirri tilskipun (Stjtið. ESB L 54, 26.2.2011, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2011/142/oj>).

(3) „Avian influenza overview December 2022 – March 2023“ (Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2023 21(3), 7917).

- 4) Með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001⁽⁴⁾, eins og henni var breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2246⁽⁵⁾, er bannað að flytja veiðiagn með þvagi sem er fengið úr hjartardýrum inn í Sambandið. Þetta bann ætti að endurspeglast í 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 142/2011 sem og í 17. kafla XV. viðauka við þá reglugerð.
- 5) Í 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 142/2011 er þar að auki mælt fyrir um reglur um innflutning, umflutning og útflutning aukaafurða úr dýrum og afleiddra afurða. Unnið bývax sem fellur undir SN-númer 1521 90 99 sem er ætlað til notkunar sem tæknileg lokaafurð, annað en til notkunar í fæðingurframleiðslu, áburð, býgarða, snyrtivörur eða lyf, kemst ekki í snertingu við alidýr og skapar ekki áhættu fyrir heilbrigði dýra. Slíkt unnið bývax ætti því að vera á meðal þeirra vara sem eru tilgreindar í 2. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 142/2011 sem innflutningur á til Sambandsins og umflutningur gegnum það fellur ekki undir nein skilyrði varðandi heilbrigði dýra. Því ætti að breyta 25. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 til samræmis við það.
- 6) Í 2. þætti IV. kafla IV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 er kveðið á um skrá með ítarlegri lýsingu á öðrum vinnsluaðferðum til framleiðslu á lífðisilolíu og endurnýjanlegu eldsneyti. Nota má notaða olíu til matargerðar, sem um getur í iii. lið g-liðar 2. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, sem upphafsefni í framleiðslu á lífðisilolíu og endurnýjanlegu eldsneyti. Því ætti að breyta orðalaginu í öðrum vinnsluaðferðum sem um getur í D-, J- og L-lið í 2. þætti IV. kafla IV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 til þess að skýra nánar notkun á upphafsefni í nýju öðrum vinnsluaðferðunum.
- 7) Í kjölfar umsóknar um leyfi fyrir staðgönguáðferð sem Írland lagði fram, eins og kveðið er á um í 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, birti Matvælaöryggisstofnunin vísindalegt álit: „Evaluation of an alternative method for production of biodiesel from processed fats derived from Category 1, 2 and 3 animal by-products“⁽⁶⁾.
- 8) Í kjölfar umsóknar um leyfi fyrir staðgönguáðferð sem Austurríki lagði fram, eins og kveðið er á um í 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, birti Matvælaöryggisstofnunin vísindalegt álit: „Evaluation of the application for new alternative biodiesel production process from rendered fat including Category 1 animal by-products“⁽⁷⁾.
- 9) Matvælaöryggisstofnunin lítur svo á að báðar þessar staðgönguáðferðir séu öruggar sem staðgönguáðferðir til vinnslu á unninni og bræddri fitu í lífðisilolíu. Þess vegna ætti að bæta þessum tveimur nýju öðrum vinnsluaðferðum við í 2. þátt IV. kafla IV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011.
- 10) Í IV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 er mælt fyrir um reglur um notkun á og förgun afleiddra afurða sem eru fengnar með öðrum vinnsluaðferðum. Þess vegna ætti að breyta 3. þætti IV. kafla IV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 til að mæla fyrir um reglur um notkun á og förgun afurða sem eru fengnar með þessum tveimur nýju öðrum vinnsluaðferðum.
- 11) Í V. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 er mælt fyrir um reglur um myltingu og lífgasummyndun. Skordýrasaur, eins og hann er skilgreindur í 61. lið I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011, var bætt við í 2. þátt 1. kafla XI. viðauka við þá reglugerð í því skyni að innleiða örugga mælipætti fyrir hitameðhöndlun á skordýrasaur. Nauðsynlegt er að mæla einnig fyrir um staðlaðar ummyndunarvinnslubreytur fyrir myltingu eða lífgasummyndun skordýrasaurs. Því ætti að breyta V. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 til samræmis við það.

⁽⁴⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 frá 22. maí 2001 um setningu reglna um forvarir gegn, eftirlit með og útrýmingu tiltekinnar tegunda smitandi heilahrönnunar (Stjtið. EB L 147. 31.5.2001 bls. 1 ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2001/999/oj>).

⁽⁵⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2246 frá 15. nóvember 2022 um breytingu á VIII. og IX. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 að því er varðar riðuveiki í lifandi hjartardýrum (Stjtið. ESB L 295, 16.11.2022, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2022/2246/oj>).

⁽⁶⁾ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2020 18(4), 6089.

⁽⁷⁾ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2021 19(4), 6511.

- 12) Með reglugerð (ESB) nr. 142/2011, eins og henni var breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1925 ⁽⁸⁾, var silkiormum (*Bombyx mori*) bætt á skrána yfir leyfðar skordýrategundir til framleiðslu á unnu dýrapróttíni í Sambandinu eins og sett er fram í 1. þætti II. kafla X. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011. Því er rétt að leyfa innflutning á unnu dýrapróttíni úr silkiormum (*Bombyx mori*) inn í Sambandið. Indónesía sótti um það hjá framkvæmdastjórninni að vera skráð í XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 sem þriðja land með leyfi fyrir innflutningi til Sambandsins og umflutningi gegnum það á unnu dýrapróttíni úr skordýrum. Framkvæmdastjórnin innti af hendi ítarlegt mat á heilbrigðislöggjöf þriðja landsins, sem er umsækjandinn, um dýr og dýraafurðir og getu lögbærra yfirvalda þess til að framkvæma opinbert eftirlit í tengslum við gæludýrafóður sem er flutt inn í Sambandið. Komist var að þeirri niðurstöðu að lögbær yfirvöld Indónesíu geti farið að viðeigandi heilbrigðisskilyrðum vegna innflutnings á unnu gæludýrafóðri sem inniheldur unnið dýrapróttín úr skordýrum. Því þykir réttlætanlegt að bæta Indónesíu á skrána yfir þriðju lönd, sem sett er fram í XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011, þaðan sem flytja má unnið gæludýrafóður sem inniheldur unnið dýrapróttín úr skordýrum, inn til Sambandsins og umflytja gegnum það.
- 13) Töflu 1 í 1. þætti I. kafla og töflu 2 í 2. þætti II. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 var breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/384 ⁽⁹⁾. Sú breyting varðaði m.a. að aðlaga skrána yfir þriðju lönd þaðan sem innflutningur til Sambandsins á aukaafurðum úr dýrum og afleiddum afurðum er leyfður að skránni yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði eða svæði þeirra sem hafa heimild til að flytja inn sendingar af nýju kjöti af hóf- og klaufdýrum til Sambandsins sem er sett fram í 1. hluta XIII. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/404 ⁽¹⁰⁾. Hins vegar virðist sem skránni varðandi innflutning á aukaafurðum úr dýrum til framleiðslu á lyfjum hafi verið komið á með röngum hætti í tengslum við aðlögunina sem leiddi til þess að nokkur þriðju lönd voru ranglega skráð þannig að þau uppfylltu skilyrðin fyrir innflutningi á aukaafurðum úr dýrum til framleiðslu á lyfjum. Þessa villu ætti að leiðrétta með nýju orðalagi í 14. línu í töflu 2 í II. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011.
- 14) Í kjölfar þess að í samræmi við breytingarnar sem gerðar eru á reglugerð (ESB) nr. 142/2011 með þessari reglugerð er tveimur nýjum staðgönguáðferðum vegna notkunar eða förgunar á aukaafurðum úr dýrum eða afleiddum afurðum bætt við í IV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 ætti að breyta 17. línu í dalkinum „Hráefni (tilvísun í ákvæði reglugerðar (EB) nr. 1069/2009)“ í töflu 2 í XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 til að setja inn tilvísun til þessara tveggja nýju staðgönguáðferða í því skyni að leyfa innflutning á hráefnum til framleiðslu á endurnýjanlegu eldsneyti inn í Sambandið.
- 15) Lögbær yfirvöld í Japan létu framkvæmdastjórninni í té uppfærða skrá yfir útflytjendur sína á gelatíni til ljósmyndunar. Breyta ætti töflu 3 í 11. þætti II. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 til að taka til greina þessa uppfærðu skrá yfir útflytjendur. Því ætti að breyta þeim viðauka til samræmis við það.
- 16) Með reglugerð (EB) nr. 999/2001, eins og henni var breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1372 ⁽¹¹⁾, var leyft að nota unnið dýrapróttín úr skordýrum til föðrunar alifugla og svína og þess vegna ætti að aðlaga kröfur um merkingar á innfluttum sendingum. Í kjölfar þess að silkiormum (*Bombyx mori*) var bætt á skrána yfir leyfðar skordýrategundir til framleiðslu á unnu dýrapróttíni sem er ætlað til framleiðslu á föðri ætti að aðlaga viðkomandi heilbrigðisvottorð. Breyta ætti heilbrigðisvottorðinu fyrir unnið dýrapróttín úr öldum skordýrum vegna sendingar til eða umflutnings um Sambandið, sem sett er fram í kafla 1A í XV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011, að því er varðar tilskildar merkingar og skrána yfir leyfðar skordýrategundir.

⁽⁸⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1925 frá 5. nóvember 2021 um breytingu á tilteknum viðaukum við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 að því er varðar kröfur um setningu tiltekinna skordýraafurða á markað og aðlögun afmörkunaraðferðar (Stjtið. ESB L 393, 8.11.2021, bls. 4, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2021/1925/oj>).

⁽⁹⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/384 frá 4. mars 2022 um breytingu á XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 að því er varðar aðlögun á skránum yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði eða svæði þeirra þaðan sem heimilt er að flytja inn aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir til Sambandsins (Stjtið. ESB L 78, 8.3.2022, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2022/384/oj>).

⁽¹⁰⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/404 frá 24. mars 2021 um skrár yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði eða svæði þeirra þaðan sem heimilt er að flytja inn dýr, kímefni og afurðir úr dýraríkinu til Sambandsins í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 (Stjtið. ESB L 114, 31.3.2021, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2021/404/oj).

⁽¹¹⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1372 frá 17. ágúst 2021 um breytingu á IV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 að því er varðar bannið við því að föðra alidýr sem ekki eru jörturdýr, önnur en loðdýr, á próttinum úr dýrum (Stjtið. ESB L 295, 18.8.2021, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2021/1372/oj>).

- 17) Í reglugerð (ESB) nr. 142/2011, eins og henni var breytt með reglugerð (ESB) 2021/1925, er mælt fyrir um reglur varðandi setningu unnins skordýrasaurs á markað. Rétt þykir að innleiða viðeigandi dýraheilbrigðiskröfur vegna innflutnings á skordýrasaur frá þriðju löndum sem eru a.m.k. jafn strangar og þær sem gilda um setningu skordýrasaurs á markað í Sambandinu. Bæta ætti banninu við innflutningi á veiðiagni með þvagi úr hjartardýrum við í vottorðið vegna innflutnings á húsdýraáburði. Breyta ætti heilbrigðisvottorðinu vegna innflutnings á unnum húsdýraáburði, sem sett er fram í 17. kafla XV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011, til að leyfa einnig innflutning á unnum skordýrasaur inn í Sambandið og banna innflutning á veiðiagni með þvagi. Því ætti að breyta XV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 til samræmis við það.
- 18) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 142/2011 til samræmis við það.
- 19) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og föður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (ESB) nr. 142/2011 er breytt og hún leiðrétt sem hér segir:

- 1) Eftirfarandi undirgrein er bætt við í 1. mgr. 13. gr.:

„Lögbæru yfirvaldi er einungis heimilt að leyfa að dýr, sem um getur í fyrstu undirgrein, séu fóðruð með óunnu efni í 2. flokki úr fuglum á yfirráðasvæði sínu ef komist er að þeirri niðurstöðu í áhættumati lögbærs yfirvalds að áhætta á aðflutningi og útbreiðslu veiru alvarlegrar fuglainflúensu á svæðisvísu, landsvísu og á vettvangi Sambandsins sé óveruleg.“

- 2) Ákvæðum 25. gr. er breytt sem hér segir:

- a) Eftirfarandi d-lið er bætt við 1. mgr.:

„d) veiðiagni með þvagi sem er fengið úr hjartardýrum.“

- b) Eftirfarandi f-lið er bætt við 2. mgr.:

„f) afleiddum afurðum úr bývaxi, sem eru tilbúnar til sölu, sem eru ekki ætlaðar til notkunar sem fóður, gæludýrafóður, áburður, býgarðar, snyrtivörur eða lyf.“

- 3) Ákvæðum IV., V., XIV. og XV. viðauka er breytt í samræmi við 1. hluta viðaukans við þessa reglugerð.

- 4) Ákvæði XIV. viðauka eru leiðrétt í samræmi við 2. hluta viðaukans við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. júlí 2025.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

1. HLUTI

Breytingar á IV., V., XIV. og XV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011

Ákvæðum IV., V., XIV. og XV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum IV. kafla IV. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Ákvæðum 2. þáttar er breytt sem hér segir:

i. Í stað ii. liðar a-liðar 2. liðar í D-lið kemur eftirfarandi:

„ii. einhverri af vinnsluaðferðum 1 til 5 eða vinnsluaðferð 7 ef um er að ræða efni í 3. flokki, önnur en notaða olíu til matargerðar, eða, ef um er að ræða efni úr fiski, vinnsluaðferð 1 til 7, sem settar eru fram í III. kafla.“

ii. Eftirfarandi undirlið er bætt við í a-lið 1. liðar í J-lið:

„iv. notaða olíu til matargerðar úr efni í 3. flokki.“

iii. Í stað b-liðar 1. liðar í L-lið kemur eftirfarandi:

„b) notaða olíu til matargerðar úr efni í 3. flokki, brædda fitu og fisklýsi sem eru í samræmi við a-lið 1-liðar í J-lið í þessum þætti.“

iv. Eftirfarandi M- og N-liðum er bætt við:

„M. Framleiðsla á lífdísilolíu úr unninni fitu úr aukaafurðum úr dýrum í 1., 2. og 3. flokki

1. Upphafsefni

Fyrir þessa vinnslu má nota brædda fitu úr efni í 1., 2. eða 3. flokki og notaða olíu til matargerðar úr efni í 3. flokki.

2. Vinnsluaðferðir

Að því undanteknu þegar fisklýsi er notað, sem var framleitt í samræmi við VIII. þátt III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 (*), eða þegar brædd fita er notuð, sem var framleidd í samræmi við XII. þátt III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004, skal fyrst vinna fituhluta úr aukaafurðum úr dýrum með því að nota:

a) vinnsluaðferð 1 (þrýstisæfingu) ef um er að ræða efni í 1. eða 2. flokki, eins og sett er fram í III. kafla þessa viðauka, og

b) einhverja af vinnsluaðferðum 1 til 5 eða vinnsluaðferð 7 ef um er að ræða efni í 3. flokki, annað en notaða olíu til matargerðar, eða, ef um er að ræða efni úr fiski, vinnsluaðferð 1 til 7, sem settar eru fram í III. kafla þessa viðauka.

3. Eftir vinnslu í samræmi við eina af þeim vinnsluaðferðum sem um getur í 2. lið skulu upphafsefni sem um getur í 1. lið fara í gegnum eftirfarandi þrep:

a) forhreinsunarferli til að fjarlægja óleysanleg óhreinindi umfram 0,15%. Hreinsuðum vökvum, sem falla til, sem fást úr forhreinsunarferlinu skal dælt í lífdísilolíutankinn á stöðinni þar sem hreinsuðu vökvarnir eru geymdir sem hráefni í lífdísilolíu fram að vinnslu,

b) sýruestrun/transenstrun (1,5% metansúlfónsýra (MSA) massahlutfall, 140 °C, 5,5 bara raunþrýstingur (bör), 4 klst.) til að umbreyta hreinsuðu hráefni í lífdísilolíu og

c) þrepaeiming: lífdísilolían skal þættuð (≥ 220 °C, 10 til 35 millibör (mbör)) í margar unnar afurðir, sem hver um sig inniheldur kolefniskeðjur í tiltekinni lengd, sem leiðir til framleiðslulota af lífdísilolíu með mismunandi forskriftir.

4. Lögbært yfirvald skal meta áætlunina um greiningu á hættu og mikilvæga stýristaði þar sem helstu vinnslubreytur fyrir þrepin, sem er lýst í 1., 2. og 3. lið, eru skráðar og athugaðar.

N. Framleiðsluferli fyrir lífdísilolíu þar sem notuð er brædd fita úr aukaafurðum úr dýrum í 1., 2. og 3. flokki

1. Upphafsefni

Nota skal fituhluta úr aukaafurðum úr dýrum úr efni í 1., 2. eða 3. flokki fyrir þetta vinnsluferli.

2. Vinnsluaðferðir

a) Að því undanteknu þegar fisklýsi er notað, sem var framleitt í samræmi við VIII. þátt III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004, eða þegar brædd fita er notuð, sem var framleidd í samræmi við XII. þátt III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004, skal fyrst vinna fituhluta úr aukaafurðum úr dýrum með því að nota:

i. vinnsluaðferð 1 (þrýstisæfingu) ef um er að ræða efni í 1. eða 2. flokki, eins og sett er fram í III. kafla þessa viðauka, og

ii. einhverja af vinnsluaðferðum 1 til 5 eða vinnsluaðferð 7 ef um er að ræða efni í 3. flokki, annað en notaða olíu til matargerðar, eða, ef um er að ræða efni úr fiski, vinnsluaðferð 1 til 7, eins og sett er fram í III. kafla þessa viðauka; ef um er að ræða fitu úr jörturdýrum skal fjarlægja óleysanleg óhreinindi umfram 0,15% af þyngdinni.

b) Eftirfarandi framleiðsluferli fyrir lífdísilolíu skal samanstanda af umbreytingarfasa með estrun og transestrun í einu þrepi við hitastig sem nemur a.m.k. 200 °C, þrýsting sem nemur a.m.k. 70 börum með rástíma sem nemur a.m.k. 15. mínútum, með því að nota MgO sem hvata og með alkóhóli (metanóli) og þar á eftir eimingu á lokaafurðinni, lífdísilolíu, í lofttæmi (við ≥ 150 °C, ≤ 10 mbör).

3. Lögð bær yfirvald skal meta áætlunina um greiningu á hættu og mikilvæga stýristaði þar sem helstu vinnslubreytir fyrir þrepin, sem er lýst í 1. og 2. lið, eru skráðar og athugaðar.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 frá 29. apríl 2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu (Stjtið. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 55, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2004/853/oj>).“

b) Í stað inngangsmálsliðarins í b-lið 2. liðar í 3. þætti kemur eftirfarandi:

„hvað varðar framleiðsluferli fyrir lífdísilolíu, sem um getur í D-, M- og N-lið 2. þáttar, má:“

2) Í 2. lið 1. þáttar I. kafla V. viðauka er eftirfarandi g-lið bætt við:

„g) unninn skordýrasaur sem hefur verið unninn í samræmi við b-lið 2. þáttar I. kafla XI. viðauka.“

3) Ákvæðum XIV. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað a-liðar 5. liðar í 2. þætti I. kafla kemur eftirfarandi:

„5. Flytja má unnið dýraprótein úr öldum skordýrum inn til Sambandsins að því tilskildu að það hafi verið framleitt í samræmi við eftirfarandi skilyrði:

a) skordýrin tilheyra einni af eftirtöldum tegundum:

— svartdátáflugan (*Hermetia illucens*) og húsflugan (*Musca domestica*),

— mjölbjallan (*Tenebrio molitor*) og dritbjallan (*Alphitobius diaperinus*),

— hús-krybban (*Acheta domestica*), beltakrybban (*Gryllodes sigillatus*) og akurkrybban (*Gryllus assimilis*),

— silkiormurinn (*Bombyx mori*).“

b) Töflu 2 í 1. þætti II. kafla er breytt sem hér segir:

i. Í stað b-liðar í 12. línu í fimmta dálki sem ber yfirskriftina „Skrár yfir þriðju lönd“ kemur eftirfarandi:

„b) Ef um er að ræða nagbein og gæludýrafóður, þó ekki hrátt:

Þau þriðju lönd sem eru tilgreind í 1. hluta XIII. viðauka, 1. hluta XIV. viðauka eða A-þætti 1. hluta XV. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/404 og eftirfarandi þriðju lönd:

(AL) Albanía

(EC) Ekvador

(DZ) Alsír

(GE) Georgía (eingöngu unnið gæludýrafóður, þó ekki gæludýrafóður í dósum)

(LK) Srí Lanka

(SA) Sádi-Arabía (eingöngu unnið gæludýrafóður úr alifuglum)

(SV) El Salvador

(TW) Taívan

(ID) Indónesía (einungis unnið gæludýrafóður sem inniheldur unnið dýraprótein úr skordýrum)

Ef um er að ræða efni úr fiski, þriðju lönd sem eru tilgreind í IX. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/405.“

ii. Í stað a-liðar í 17. línu í þriðja dálki sem ber yfirskriftina „Hráefni (tilvísun í ákvæði reglugerðar (EB) nr. 1069/2009)“ kemur eftirfarandi:

„a) Ef um er að ræða efni ætluð til framleiðslu á lífdísilólíu, lífdísilólíuvörum úr líffítuefni eða endurnýjanlegu eldsneyti sem um getur í L, M- eða N-lið 2. þáttar IV. kafla IV. viðauka:

Efni í 1., 2. og 3. flokki sem um getur í 8., 9. og 10. gr.“

c) Í stað töflu 3 í 11. þætti II. kafla kemur eftirfarandi:

„Tafla 3

Innflutningur á ljósmyndunargelatíni

Þriðja land sem er upprunaland	Upprunastöðvar	Viðtökuaðildarríki	Skoðunarstöð á landamærum þar sem afurðirnar koma fyrst inn í Sambandið	Samþykktar verksmiðjur fyrir ljósmyndavörur
Japan	Nitta Gelatin Inc., 2-22 Futamata Yao-City, Osaka 581-0024 Japan	Holland (Niðurland)	Rotterdam Schiphol-flugvöllur, Amsterdam	Fujifilm Manufacturing Europe B.V., Oudenstaart 1, 5047 TK Tilburg, Holland (Niðurland)
	Jellice Co., Ltd. 4-1, Sakae 4-Chome, Tagajo-City, Miyagi 985-0833 Japan			
	Nitta Gelatin Inc., 2-22 Futamata Yao-City, Osaka 581-0024 Japan	Tékkland	Hamburg	FOMA Bohemia, spol. SRO Jana Krušinky 1604 501 04 Hradec Králové, Tékkland

Þriðja land sem er upprunaland	Upprunastöðvar	Viðtökuaðildarríki	Skoðunarstöð á landamærum þar sem afurðirnar koma fyrst inn í Sambandið	Samþykktar verksmiðjur fyrir ljósmyndavörur
Bandaríkin	Eastman Gelatine Corporation, 227 Washington Street, Peabody, MA, 01960 Bandaríkin Gelita North America, 2445 Port Neal Industrial Road Sergeant Bluff, Iowa, 51054 Bandaríkin	Tékkland	Hamburg	FOMA Bohemia, spol. SRO Jana Krušinky 1604 501 04 Hradec Králové, Tékkland“

4) Ákvæðum XV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. kafla a kemur eftirfarandi:

„1. KAFLI a

Heilbrigðisvottorð

Fyrir unnið dýrapróttín úr öldum skordýrum sem er ekki ætlað til manneldis, þ.m.t. blöndur og afurðir sem innihalda slíkt prótín, aðrar en gæludýrafóður, vegna sendingar til eða umflutnings² um Evrópusambandið

LAND:

Heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir sem eru flutt inn í ESB

I. hluti: Upplýsingar um vörusendingu	I.1. Sendandi Heiti Heimilisfang Sími			I.2. Tilvísunarnúmer vottorðs	I.2.a.
				I.3. Lögbært stjórnvald	
				I.4. Lögbært staðaryfirvald	
	I.5. Viðtakandi Heiti Heimilisfang Póstnúmer Sími			I.6. Einstaklingur sem er ábyrgur fyrir farminum í ESB Heiti Heimilisfang Póstnúmer Sími	
	I.7. Uppruna-land	ISO-kóði	I.8. Uppruna-svæði	Kóði	I.9. ISO-kóði
				I.10. Viðtökusvæði	Kóði
	I.11. Upprunastaður Heiti Heimilisfang Heiti Heimilisfang Heiti Heimilisfang			I.12. Viðtökustaður Tollvörugæmsla ☐ Samþykkisnúmer	
				Heiti Heimilisfang Póstnúmer	
	I.13. Fermingarstaður			I.14. Brottfarardagur	
	I.15. Flutningatæki Flugvél ☐ Skip ☐ Járnbrautarnavn ☐ Ökutæki ☐ Annað ☐ Auðkenning Tilvísun í skjöl			I.16. Skoðunarstöð á landamærum við innflutning til ESB I.17.	
I.18. Lýsing á vöru				I.19. Vörunúmer (ST-númer)	
				I.20. Magn	
I.21. Hitastig afurða Við umhverfishita ☐ Kældar ☐ Frýstar ☐				I.22. Fjöldi pakkinga	
I.23. Nr. innsiglis/gáms				I.24. Tegund umbúða	
I.25. Vörur sem eru vottaðar: Sem fóður ☐ Til tæknilegra nota ☐ Lífrænn áburður og jarðvegsbætur ☐ Framleiðsla á gæludýrafóðri ☐					
I.26. Til umflutnings um ESB til þriðja lands ☐ Þriðja land ISO-kóði			I.27. Til innflutnings eða inntöku í ESB ☐		
I.28. Auðkenning varanna Samþykkisnúmer starfsstöðva Tegund (vísindaheiti) Tegund vöru Framleiðslustöð Eigin þyngd Númer framleiðslulotu					

LAND

Unnið dýrapróttin úr öldum skordýrum sem er ekki ætlað til manneldis, þ.m.t. blöndur og afurðir sem innihalda slíkt prótín, aðrar en gæludýrafóður

II. hluti: Vottun	II. Upplýsingar um heilbrigði	II.a Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b.
	Ég, undirritaður, opinber dýralæknir, lýsi því yfir að ég hef lesið og skilið reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 ^(1a), einkum 10. gr. hennar, og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 ^(1b), einkum 1. þátt II. kafla X. viðauka og I. kafla XIV. viðauka við hana, og votta að: II.1. unna dýrapróttin úr öldum skordýrum eða -afurðin, sem er lýst hér að framan, inniheldur eingöngu unnið dýrapróttin sem er ekki ætlað til manneldis og sem: a) hefur verið framleitt og geymt hjá fyrirtæki eða í stöð, sem hefur verið samþykkt og verið undir eftirliti af hálfu lögbærs yfirvalds í samræmi við 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 og b) hefur einungis verið framleitt úr öldum skordýrum af eftirtöldum tegundum: (²) <i>annaðhvort</i> [- svartdáttaflugan (<i>Hermetia illucens</i>).] (²) <i>og/eða</i> [- húsflygan (<i>Musca domestica</i>).] (²) <i>og/eða</i> [- mjölbjallan (<i>Tenebrio molitor</i>).] (²) <i>og/eða</i> [- dritbjallan (<i>Alphitobius diaperinus</i>).] (²) <i>og/eða</i> [- húskrybban (<i>Acheta domestica</i>).] (²) <i>og/eða</i> [- beltakrybban (<i>Grylloides sigillatus</i>).] (²) <i>og/eða</i> [- akurkrybban (<i>Gryllus assimilis</i>).] (²) <i>og/eða</i> [- silkiormurinn (<i>Bombyx mori</i>).] og c) hefur verið unnið með aðferð [1]-[2]-[3]-[4]-[5]-[7](²) eins og sett er fram í III. kafla IV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011, og c) æti til að fóðra alin skordýr skal eingöngu innihalda afurðir sem eru ekki úr dýraríkinu eða eftirfarandi afurðir úr dýraríkinu úr efni í 3. flokki: — fiskimjöl, — blóðafurðir úr dýrum sem ekki eru jörturdýr, — tvíkalsíumfosfat og þríkalsíumfosfat úr dýraríkinu, — vatnsrofin prótín úr dýrum sem ekki eru jörturdýr, — vatnsrofin prótín úr húðum og skinum jörturdýra, — gelatín og kollagen úr dýrum sem ekki eru jörturdýr, — egg og eggjaafurðir, — mjólk, afurðir sem eru að stofni til úr mjólk, afurðir úr mjólk og broddur, — hunang, — brædd fita, og e) æti til að fóðra skordýr og skordýr eða lifur þeirra hafa ekki komist í snertingu við önnur efni úr dýraríkinu en þau sem tilgreind eru í d-lið og ætið innihélt ekki húsdýraáburð, eldhússúrgang eða annan úrgang.		

LAND

Unnið dýrapróttín úr öldum skordýrum sem er ekki ætlað til manneldis, þ.m.t. blöndur og afurðir sem innihalda slíkt prótín, aðrar en gæludýrafóður

II.	Upplýsingar um heilbrigði	II.a Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b.
II.2.	lögbært yfirvald rannsakaði slembisýni rétt fyrir sendingu og sannreyndi að það uppfyllir eftirfarandi staðla ⁽³⁾ : Salmonella: finnst ekki í 25 g: n = 5, c = 0, m = 0, M = 0 Iðrabakteríur: n = 5, c = 2, m = 10, M = 300 í 1 g		
II.3.	allar varúðarráðstafanir hafa verið gerðar til að komast hjá því að sjúkdómsvaldar mengi afurðina að lokinni meðhöndlun,		
II.4.	fullunna afurðin: (²) <i>annaðhvort</i> [var sett í nýja eða dauðhreinsaða sekki,] (²) eða [var flutt í lausu í geymum eða öðru flutningatæki sem hafði fyrir notkun verið vandlega hreinsað og sótthreinsað,] með merkimiðum sem á stendur „ÓHÆFT TIL MANNELDIS/UNNIÐ SKORDÝRAPRÓTÍN — MÁ EKKI NOTA Í FÓÐUR FYRIR ALIDÝR ÖNNUR EN LAGARELDISDÝR, LOÐDÝR, SVÍN OG ALIFUGLA“,		
II.5.	fullunna afurðin var geymd í lokuðu rými,		
(²)II.6.	unna dýrapróttínið eða -afurðin, sem lýst er hér að framan, inniheldur eða er úr aukaafurðum úr jörturdýrum og: (²) <i>annaðhvort</i> [er upprunnin í landi eða á svæði sem er flokkað, í samræmi við ákvörðun 2007/453/EB, sem land eða svæði þar sem áhætta í tengslum við kúariðu er óveruleg og þar hafa ekki komið upp nein innlend tilvik um kúariðu og] (²) <i>eða</i> [er upprunnin í landi eða á svæði sem er flokkað, í samræmi við ákvörðun 2007/453/EB, sem land eða svæði þar sem áhætta í tengslum við kúariðu er óveruleg og þar hefur komið upp innlent tilvik um kúariðu og aukaafurðir úr dýrum eða afleiddar afurðir komu úr dýrum, sem voru fædd eftir þann dag sem bann við fóðrun jörturdýra á kjöt- og beinamjöli og hömsum úr jörturdýrum, eins og skilgreint er í heilbrigðisreglum Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar um landdýr, kom á skilvirkan hátt til framkvæmdar í viðkomandi landi eða svæði og] (²) <i>annaðhvort</i> [kemur úr öðrum jörturdýrum en nautgripum, sauðfé eða geitum.] (²) <i>eða</i> [kemur úr nautgripum, sauðfé eða geitum og inniheldur ekki og er ekki fengin úr: (²) <i>annaðhvort</i> [efni úr nautgripum, sauðfé og geitum, öðru en því sem fengið er úr dýrum sem voru fædd og síðan alin samfelld frá burði og slátrað í landi eða á svæði sem er flokkað, í samræmi við ákvörðun 2007/453/EB, sem land eða svæði þar sem áhætta í tengslum við kúariðu er óveruleg.] (²) <i>eða</i> [a) sérstöku áhættuefni eins og það er skilgreint í 1. lið V. viðauka við reglugerð Evrópupingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 (⁴),		

LAND

Unnið dýrapróttín úr öldum skordýrum sem er ekki ætlað til mannelis, þ.m.t. blöndur og afurðir sem innihalda slíkt prótín, aðrar en gæludýrafóður

II.	Upplýsingar um heilbrigði	II.a Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b.
	b) vélúrbeinuðu kjöti, sem fengið er af beinum úr nautgripum, sauðfé eða geitum, nema ef dýrin voru fædd, alin samfelld og slátrað í landi eða á svæði sem er flokkað, í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/453/EB ⁽⁵⁾, sem land eða svæði þar sem áhætta í tengslum við kúariðu er óveruleg og þar hafa ekki komið upp nein innlend tilvik um kúariðu, c) aukaafurð úr dýrum eða afleiddri afurð úr nautgripum, sauðfé eða geitum, sem hafa verið aflífuð með því að tæta vef miðtaugakerfisins í sundur eftir deyfingu með ílöngu, staflaga verkfæri, sem er stungið inn í kúpuholið, eða með því að sprauta gasi inn í kúpuholið, að undanskildum þeim dýrum sem voru fædd, alin samfelld og slátrað í landi eða á svæði sem er flokkað, í samræmi við ákvörðun 2007/453/EB, sem land eða svæði þar sem áhætta í tengslum við kúariðu er óveruleg.]		
II.7.	Unna dýrapróttínið eða -afurðin sem lýst er hér að framan: (²) <i>annaðhvort</i> [inniheldur ekki mjólk eða mjólkurafurðir úr sauðfé eða geitum eða er ekki ætluð í fóður fyrir alidýr, önnur en loðdýr.] (²) <i>eða</i> [inniheldur mjólk eða mjólkurafurðir úr sauðfé eða geitum og er ætluð í fóður fyrir alidýr, að undanskildum loðdýrum, sem: a) koma úr sauðfé og geitum sem hafa verið haldin samfelld frá fæðingu í landi þar sem eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt: - skýlt er að tilkynna um dæmigerða riðuveiki, - til staðar er kerfi til að efla vitund, eftirlitskerfi og vöktunarkerfi að því er varðar dæmigerða riðuveiki, - opinberar takmarkanir gilda um bú með sauðfé eða geitur þar sem grunur leikur á um smitandi svampheilakvilla eða uppkoma dæmigerðrar riðuveiki er staðfest, - sauðfé og geitur, sem eru sýkt af dæmigerðri riðuveiki, eru aflífuð og þeim eytt, - fóðrun sauðfjár og geita á kjöt- og beinamjöli eða hömsum úr jörturdýrum, eins og skilgreint er í heilbrigðisreglum Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar um landdýr, hefur verið bönnuð og banninu fylgt eftir á skilvirkan hátt í öllu landinu á a.m.k. undanfarandi sjö ára tímabili, b) koma frá búum þar sem engar opinberar takmarkanir eru í gildi vegna gruns um smitandi svampheilakvilla, c) koma frá búum þar sem ekki hefur greinst neitt tilvik dæmigerðrar riðuveiki undanfarin a.m.k. sjö ár eða, eftir að tilvik dæmigerðrar riðuveiki hefur verið staðfest:		

LAND

Unnið dýrapróttín úr öldum skordýrum sem er ekki ætlað til manneldis, þ.m.t. blöndur og afurðir sem innihalda slíkt prótín, aðrar en gæludýrafóður

II.	Upplýsingar um heilbrigði	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b.
	(2) <i>annaðhvort</i>	[allt sauðfé og geitur á búinu hafa verið aflífuð og þeim eytt eða slátrað, að frátöldum hrútum til undaneldis, sem eru af arfgerðinni ARR/ARR, ám til undaneldis, sem eru með a.m.k. eina ARR-genasamsætu en enga VRQ-genasamsætu, og öðru sauðfé sem er með a.m.k. eina ARR-genasamsætu.]	
	(2) <i>eða</i>	[öll dýr, sem staðfest var að væru sýkt af dæmigerðri riðuveiki, hafa verið aflífuð og þeim eytt og í a.m.k. tvö ár frá staðfestingu á síðasta tilviki dæmigerðrar riðuveiki hefur búið fallið undir aukna vöktun vegna smitandi svampheilakvilla, þ.m.t. prófanir á því hvort smitandi svampheilakvilli er til staðar sem hafa skilað neikvæðum niðurstöðum, í samræmi við rannsóknarstofuaðferðirnar sem settar eru fram í lið 3.2. í kafla C í X. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001, á öllum eftirtöldum dýrum sem eru eldri en 18 mánaða, að frátöldu sauðfé af ARR/ARR-arfgerð:	
		— dýrum sem hefur verið slátrað til manneldis og — dýrum sem hafa drepist eða verið aflífuð á búinu en voru ekki aflífuð innan ramma herferðar til að útrýma sjúkdómum.]	
II.8.	[unna dýrapróttínið eða -afurðin, sem lýst er hér að framan, inniheldur eða er úr aukaafurðum úr dýrum, sem ekki eru jörturdýr, og er, í samræmi við yfirlýsingu sendanda sem um getur í reit I.1,		
	(2) <i>annaðhvort</i>	[ekki ætluð til framleiðslu á fódri fyrir alidýr, önnur en loðdýr.]	
	(2)(⁶) <i>eða</i>	[ætlun til framleiðslu á fódri fyrir alidýr, sem ekki eru jörturdýr, önnur en loðdýr og sendandinn hefur skuldbundið sig til að tryggja að skoðunarstöð á landamærum í Evrópusambandinu fái niðurstöður úr greiningum sem gerðar eru í samræmi við aðferðirnar sem eru settar fram í VI. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 152/2009 ⁽⁷⁾ .]	
Athugasemdir			
I. hluti:			
— Reitur I.6: Einstaklingur sem er ábyrgur fyrir sendingunni í Evrópusambandinu: þennan reit er eingöngu skylt að fylla út ef um er að ræða vottorð fyrir vöru sem á að umflytja gegnum Evrópusambandið; það má fylla hann út ef vottorðið er fyrir vöru sem á að flytja inn í Evrópusambandið. — Reitur I.12: Viðtökustaður: þennan reit á eingöngu að fylla út ef um er að ræða vottorð fyrir umflutningsvöru. Afurðir sem eru í umflutningi skal eingöngu geyma á frísvæðum, í frígeymslum og í tollvörugeymslum. — Reitur I.15: Gefa skal upp skráningarnúmer (járnbrautarvagnar eða gámar og vöruflutningabifreiðar), flugnúmer (loftfar) eða heiti (skip), ef til af- og endurfermingar kemur. — Reitur I.19: nota skal viðeigandi ST-númer: 05.11, 23.01 eða 23.09.			

LAND

Unnið dýrapróttín úr öldum skordýrum sem er ekki ætlað til manneldis, þ.m.t. blöndur og afurðir sem innihalda slíkt prótín, aðrar en gæludýrafóður

II. Upplýsingar um heilbrigði	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b.
— Reitur I.25: tæknileg notkun: öll notkun önnur en til fóðrunar alidýra, annarra en loðdýra, og framleiðslu á gæludýrafóðri. — Reitur I.26 og I.27: fyllið út eftir því hvort um er að ræða umflutnings- eða innflutningsvottorð. — Reitur I.28: Tegund: tilgreinið vísindaheiti skordýrs. II. hluti: (^{1a}) Stjtið. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 1. (^{1b}) Stjtið. ESB L 54, 26.2.2011, bls. 1. (²) Strika skal yfir það sem á ekki við. (³) þar sem: n = fjöldi sýna sem prófa skal, m = viðmiðunargildi fyrir fjölda baktería; niðurstöðurnar teljast fullnægjandi ef fjöldi baktería í öllum sýnunum fer ekki yfir m, M = hámarksgildi fyrir fjölda baktería; niðurstöðurnar teljast ófullnægjandi ef fjöldi baktería í einu eða fleiri sýnum er M eða meira og c = fjöldi sýna þar sem fjöldi baktería getur verið milli m og M en sýnið telst engu að síður fullnægjandi ef fjöldi baktería í öðrum sýnum er m eða þar undir. (⁴) Stjtið. EB L 147, 31.5.2001, bls. 1. (⁵) Stjtið. ESB L 172, 30.6.2007, bls. 84. (⁶) Ef unna dýrapróttínið eða -afurðin sem lýst er í þessu heilbrigðisvottorði er ætluð til notkunar við framleiðslu á fóðri fyrir alidýr, sem eru ekki jörturdýr, önnur en loðdýr skal einstaklingurinn sem er ábyrgur fyrir farminum sem um getur í reit I.6 tryggja að gerð verði greining á sendingunni í samræmi við aðferðirnar, sem settar eru fram í VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 152/2009, í því skyni að staðfesta að óleyfileg innihaldsefni úr dýraríkinu séu ekki fyrir hendi. Upplýsingar um niðurstöður úr slíkri greiningu skulu festar við þetta heilbrigðisvottorð þegar sendingunni er framvísað á skoðunarstöð á landamærum í ESB. (⁷) Stjtið. ESB L 54, 26.2.2009, bls. 1. — Undirskrift og stimpill skulu vera í öðrum lit en prentaður texti. — Athugasemd til einstaklingsins sem er ábyrgur fyrir sendingunni í Evrópusambandinu: Þetta vottorð varðar aðeins heilbrigði dýra og dýraafurða og skal fylgja sendingunni þar til hún kemur í skoðunarstöð á landamærum.		
Opinber dýralæknir eða opinber skoðunarmaður Nafn (með hástöfum): Dagsetning: Stimpill: Menntun, hæfi og titill: Undirskrift:“		

b) Í stað 17. kafla kemur eftirfarandi:

„17. KAFLI

Heilbrigðisvottorð

Fyrir unninn húsdýraáburð, afleiddar afurðir úr unnum húsdýraáburði, unninn skordýrasaur og unnið leðurblökugúanó, vegna sendingar til eða umflutnings² um Evrópusambandið

LAND:		Heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir sem eru flutt inn í ESB			
I. hluti: Lýsing á sendingu	I.1 Sendandi/útflytjandi Heiti Heimilisfang Land ISO-landskóði		I.2 Tilvísunarnúmer vottorðs	I.2.a IMSOC-tilvísun	
			I.3 Lögbært stjórnvald	QR-KÓÐI	
			I.4 Lögbært staðaryfirvald		
	I.5 Viðtakandi/innflytjandi Heiti Heimilisfang Land ISO-landskóði		I.6 Rekstraraðili sem ber ábyrgð á sendingunni Heiti Heimilisfang Land ISO-landskóði		
	I.7 Upprunaland ISO-landskóði		I.9 Ákvörðunarland ISO-landskóði		
	I.8 Upprunasvæði Kóði		I.10 Viðtökusvæði Kóði		
	I.11 Sendingarstaður Heiti Heimilisfang Land Skráningar-/samþykkisnr. ISO-landskóði		I.12 Viðtökustaður Heiti Heimilisfang Land Skráningar-/samþykkisnr. ISO-landskóði		
	I.13 Fermingarstaður		I.14 Brottfarardagur og -tími		
	I.15 Flutningatæki ☐ Loftfar ☐ Skip ☐ Járnbrautir ☐ Ökutæki Auðkenning		I.16 Landamæraeftirlitsstöð sem er komustaður		
			I.17 Fylgiskjöl Tegund Kóði Land ISO-landskóði Tilvísun í viðskiptaskjöl		
I.18	Flutningsskilyrði	☐ Við umhverfishita	☐ Kældar	☐ Frystar	
I.19	Gámanúmer/innsiglisnúmer Gámanr. Innsiglisnr.				
I.20	Vottað sem eða til ☐ Lífrænn áburður og jarðvegsbætar				
I.21	☐ Til umflutnings Þriðja land ISO-landskóði		I.22 ☐ Fyrir innri markaðinn		
		I.23 ☐ Fyrir endurkomu			
I.24 Heildarfjöldi pakkninga		I.25 Heildarmagn		I.26 Samanlögð eigin þyngd/heildarþyngd (kg)	
I.27 Lýsing á sendingu Samþykkisnúmer starfsstöðva Tegund (vísindaheiti) Tegund vöru Framleiðslustöð Fjöldi pakkninga Eigin þyngd Númer framleiðslulotu					

LAND		Unninn húsdýraáburður, afleiddar afurðir úr unnum húsdýraáburði, unninn skordýrasaur og unnið leðurblökugúanó	
II. Upplýsingar um heilbrigði		II.a Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b IMSOC-tilvísun
Ég, undirritaður, opinber dýralæknir, lýsi því yfir að ég hef lesið og skilið reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 ^(1a) og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 ^(1b), einkum II. kafla XIV. viðauka, og votta að aukaafurðir úr dýrum sem lýst er hér að framan:			
II.1.	koma frá stöð, þar sem framleiddar eru afurðir til annars en í fóður fyrir alidýr, frá lífgasstöð eða myltingarstöð sem er samþykkt af lögbæru yfirvaldi þriðja lands sem uppfyllir sérstöku skilyrðin sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 1069/2009 og í reglugerð (ESB) nr. 142/2011,		
II.2 ⁽²⁾	hafa verið settar í: [hitameðhöndlun í a.m.k. 70 °C í a.m.k. 60 mínútur,] eða [ef um er að ræða unninn húsdýraáburð, afleiddar afurðir úr unnum húsdýraáburði og unnið leðurblökugúanó, sambærilega meðhöndlun sem innflutningsaðildarríkið hefur fullgilt og heimilað í samræmi við sérstök skilyrði sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 1069/2009 og í reglugerð (ESB) nr. 142/2011 sem hér segir: ],		
II.3.	eru: a) laus við salmonellu (engin salmonella finnst í 25 g af meðhöndlaðri afurð), b) laus við kóligerla eða iðrabakteríur (samkvæmt fjölda örvera við loftháð skilyrði: þyrpinga-myndandi einingar undir 1000 í grammi af meðhöndlaðri afurð) og hafa verið meðhöndluð til að fækka grómyndandi bakteríum og minnka myndun eitrefna,		
II.4.	eru ekki veiðiaðgn með þvagi sem er fengið úr hjartardýrum,		
II.5.	eru tryggilega lokuð í: a) vel lokuðum og vel einangruðum gámum eða b) vel lokuðum pakkningum (plastpokum eða stórsekkjum).		
Athugasemdir I. hluti: — Reitur I.6: Einstaklingur sem er ábyrgur fyrir sendingunni í Evrópusambandinu: þennan reit á eingöngu að fylla út ef um er að ræða vottorð fyrir umflutningsvöru; það má fylla hann út ef vottorðið er fyrir innflutningsvöru. — Reitur I.11 og I.12: Samþykkisnúmer: skráningarnúmer fyrirtækisins eða stöðvarinnar, sem lögbært yfirvald hefur gefið út. — Reitur I.12: Viðtökustaður: þennan reit á eingöngu að fylla út ef um er að ræða vottorð fyrir umflutningsvöru. Afurðir sem eru í umflutningi skal eingöngu geyma á frísvæðum, í frígeymslum og í tollvöruheymslum. — Reitur I.15: Gefa skal upp skráningarnúmer (járnbrautarvagnar eða gámar og vöruflutningabifreiðar), flugnúmer (loftfar) eða heiti (skip), ef til af- og endurfæringar kemur. — Reitur I.19: tilgreina skal gámanúmer og innsiglisnúmer (ef við á), ef um er að ræða gáma fyrir efni í lausu. — Reitur: I.20: tæknileg notkun: öll notkun önnur en til fóðrunar dýra.			

— Reitir I.21, I.22 og I.23: fyllið út eftir því hvort um er að ræða umflutnings- eða innflutningsvottorð eða endurkomu. — Reitur I.27: Tegund vöru: tilgreinið hvort um er að ræða unninn húsdýraáburð, afleiddar afurðir úr unnum húsdýraáburði, unninn skordýrasaur eða leðurblokugúanó. II. hluti: (^{1a}) Stjtið. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 1. (^{1b}) Stjtið. ESB L 54, 26.2.2011, bls. 1. (²) Strika skal yfir það sem á ekki við. — Athugasemd til einstaklingsins sem er ábyrgur fyrir sendingunni í Evrópusambandinu: þetta vottorð varðar aðeins heilbrigði dýraafurða og skal fylgja sendingunni þar til hún kemur í landamæraeftirlitsstöð í Evrópusambandinu.		
Opinber dýralæknir eða opinber skoðunarmaður Nafn (með hástöfum) Dagsetning Stimpill		Menntun, hæfi og titill Undirskrift

“

2. HLUTI

Leiðrétting á XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011

Í 14. línu í töflu 2 í 1. þætti II. kafla XIV. viðauka, í fimmta dálki sem ber yfirskriftina „Skrár yfir þriðju lönd“, er b-liður leiðréttur og honum skipt út fyrir eftirfarandi:

„b) Ef um er að ræða aukaafurðir úr dýrum til framleiðslu á lyfjum:

Þau þriðju lönd sem eru tilgreind í 1. hluta XIII. viðauka eða í 1. hluta XIV. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/404 og í I. viðauka, V. viðauka og VI. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/405.

Ef um er að ræða efni úr fiski, þriðju lönd sem eru tilgreind í IX. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/405.“